

## Tillaga til þingsályktunar

### um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórssdóttir, Eyjólfur Ármansson,  
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon,  
Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu.

#### Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var lögð fram á 150. og 151. löggjafarþingi (108. mál) og er nú lögð fram að nýju óbreytt.

Nú er liðinn meira en áratugur frá því að Ísland sótti um að hefja aðildarviðræður um inn göngu í Evrópusambandið og sjö ár frá því að hlé var gert á aðildarviðræðum. Samninganeftnd Íslands var leyst upp árið 2013 og vorið 2015 sendi þáverandi utanríkisráðherra bréf til formanns ráðherraráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjóra nágrannastefnu og aðildarviðræðna sambandsins þess efnis að ríkisstjórn Íslands hefði engin áform um að hefja aðildarviðræður að nýju og að ekki bæri að líta á Ísland sem umsóknarríki. Ákveðin óvissa ríkir þó um stöðu aðildarumsóknar Íslands.

Í kjölfar bréfsins lýsti talsmaður stækkanardeildar Evrópusambandsins því yfir að sambandið liti ekki svo á að Ísland hefði dregið aðildarumsóknina til baka og að bréfið væri ekki ígildi uppsagnar. Á heimasiðu Evrópusambandsins er sagt að breytingar hafi verið gerðar á verklagi í kjölfar þess að ríkisstjórn Íslands hafi beðið um að ekki yrði litið á Ísland sem umsóknarríki. Ekki er þó ljóst hvort Evrópusambandið líti svo á að umsóknin hafi verið dregin til baka eða hvort sambandið hafi einungis fært Ísland af lista yfir umsóknarríki til málamynda en telji umsóknina enn fullgilda.

Aðildarumsókn Íslands var lögð fram í kjölfar þess að Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu þess efnis að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Alþingi hefur aftur á móti aldrei samþykkt tillögu um að umsóknin verði dregin til baka. Tillögur þess efnis hafa verið lagðar fram en ekki hlutið brautargengi.

Þessi þingsályktunartillaga er lögð fram til þess að tryggja að Ísland dragi til baka umsókn sína um aðild að Evrópusambandinu.